



Alþingi
Erindi nr. P 140/610
komudagur 1.12.2011

Táknafjörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Táknafirði, 1. desember 2011
1111065 EIS

Efni: Umsögn um þingsályktun um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan 238.mál

Á 434.fundi Hreppsnefndar Táknafjarðarhrepps þann 23.nóvember 2011 var tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er varðar beiðni um umsögn um 238.mál tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan og var eftirfarandi bókað :

„Hreppnefnd Táknafjarðarhrepps tekur undir bókun bæjarráðs Vesturbyggðar á 602. fundi, sem haldinn var 29. mars 2011 og mótmælir yfirgangi einstakra þingmanna gagnvart sjálffræðisrétti og skipulagsvaldi sveitarfélaga og slík framkoma gengur þvert á vilja stjórnvalda á sveitarstjórnarstigi sem og hjá framkvæmdavaldi að stunda samráð á öllum stigum. Samþykkt samhljóða.“

Vísað er til bókunar sveitarfélagsins Vesturbyggðar á 602.fundi þess þann 29.mars 2011.

„Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir undrun sinni á framkominni þingsályktunartillögu frá Róberti Marshall og Merði Árnasyni um stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð á svæðinu á milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar og því að ekki sé haft samráð við íbúa svæðisins og hagsmunaaðila um svo afdrifaríka tillögu sem hafa mun áhrif á svæðið allt. Að öðru leyti tekur bæjarráð Vesturbyggðar undir ályktun sem samþykkt var á fundi í Sjórnæingjahúsinu á Patreksfirði þann 25.mars s.l. :

„ Á fundi í Sjórnæingjahúsinu á Patreksfirði í dag 25.mars 2011 var áskorun íbúa til alþingismanna Norðvesturkjördæmis afhent þar sem þeir eru hvattir til að styðja við framkomið frumvarp til laga sem heimilar veglagningu um Vestfjarðaveg nr 60 um svokallaða B-leið. Um eitt þúsund undirskriftir voru afhentar.

Á fundinn mættu 3 af 9 þingmönnum kjördæmisins, þeir Ásbjörn Óttarsson, Einar Kristinn Guðfinnsson og Gunnar Bragi Sveinsson. Aðrir þingmenn sáu sér ekki fært að mæta.

Fundurinn lýsir ennfremur furðu sinni yfir framkominni tillögu til þingsályktunar frá þingmönnum Reykjavíkur og Suðurkjördæmis, þeim Merði Árnasyni og Róberti Marshall um þjóðgarð frá Þorskafirði yfir í Vatnsfjörð sem lýsir fullkomnu skilningsleysi á hagsmunum íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum og einhliða skoðanir á því hvað þeim er fyrir bestu.“

Bæjarráð Vesturbyggðar óskar þess að þeir Róbert Marshall og Mörður Árnason fundi með íbúum sunnanverðra Vestfjarða um tillöguna og komi til þess fundar akandi um það svæði sem tillagan nær yfir. Óskað er eftir því að sá fundur verði haldinn fyrir 15.maí n.k.“

Þá skal það tekið fram að Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps er alls ekki á móti þjóðgördum og má nefna hér að sveitarfélagið styður heilshugar stofnun þjóðgarðs um Látrabjarg og er sveitarfélagið Vesturbyggð ásamt hagsmunaaðilum á því svæði í góðri samvinnu við umhverfisyfirvöld að vinna að því máli.




Táknafjörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Að lokum skal það áréttað að frumkvæði innanríkisráðherra er vinna í gangi hvað varðar málefni Vestfjarðarvegjar í Gufudaissveit, þar sem unnið er að því að finna láglendisleið á þessum kafla vegarins. Undirstrikað var af hálfu ráðherra að allir sem að því borði kæmu myndu stíga upp úr skotgröfum og sammælast um að lenda því máli farsælega. Undirrituð kallar eftir því að allir þingmenn svari þeirri áskorun ráðherrans, því umrædd þingsályktun gerir ekkert annað en að valda úlfhúð og tortryggni og setur þá vinnu í visst uppnám. Að þessu sögðu lýsir Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps sig mótfallna framkominni þingsályktunartillögu um þjóðgarð við Breiðafjörð, norðanverðan.

Virðingarfyllst,


Þrún Ingibjörg Sigbórsdóttir